

Reykjavík, 15. febrúar 2018

Umsögn FKA, Félags kvenna í atvinnulífinu
v/ „Þjóðarsáttar“
148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 50 — 50. mál.


Jafn vel og það hljómar að skapa sátt um sérstaka kjarahækkun lægstu launastétta, hvort heldur sem það væru fyrir konur eða karlmenn, telur FKA það ekki raunhæfa leið. Má þar m.a. benda á mismunandi stöðu sveitarfélaga sem oftast en ekki eru þeir aðilar sem standa undir þeim launum sem hér um ræðir, s.s. á leikskólum eða í ummönnunarstörfum. Í tillögu til þingsályktunar segir m.a.:

„Á grundvelli þeirrar greiningar verði gerður sérstakur kjarasamningur um leiðréttingu á kjörum þessara stétta. Samningurinn feli í sér sérstakar hækkanir til viðbótar við almennar hækkanir kjarasamninga á vinnumarkaði.“

Telja má líklegt að tvennt myndi gerast í kjölfar sérstaks kjarasamnings sem þessa: a) hækkun útgjaldaliða á almenning kemur fram síðar með einhverjum hætti eða b) auknum útgjöldum er mætt með því að skera niður í þjónustu til almennings á öðrum sviðum.

FKA styður hins vegar þá vegferð Alþingis að leitað verði leita til að bæta úr bágunum launakjörum lægstu stétta, sem oftast en ekki reynast vera kvennastéttir. Lausnir gætu til dæmis falist í aðgerðum sem stuðla að breyttu vinnumarkaðslíkani á Íslandi almennt, fjölgun vinnustaða sem taka upp styttingu vinnuviku eða fjölgun vinnustaða sem taka upp þrískipt vaktkerfi í stað tvískiptra vaktkerfa o.s.frv. Gagnist það aðilum að kalla til fulltrúa frá félaginu, til frekari vinnu vegna þessa, vinsamlegast hafið samband við undirritaða, en þess skal getið að félagið hefur m.a. beitt sér fyrir verkefnum þar sem hlutdeild kvenna er aukin á meðal karllægra starfshópa. Leið til lausna gæti því m.a. falist í því að kynjaskiptar starfsstéttir verði meira úr sögunni til framtíðar, en þetta eitt og sér getur til langs tíma litið verið liður í því að forðast launamismun kynja eða starfstéttir sem ekki búa við viðunandi launakjör.

Virðingafyllst,
f.h. Félags kvenna í atvinnulífinu - FKA



Rakel Sveinsdóttir, formaður FKA